

Sjóvá – Árshlutauppgjör

Hagnaður 709 m.kr. á fyrri árshelmingi

Hagnaður 286 m.kr. á öðrum ársfjórðungi

- Afkoma af váttryggingastarfsemi 123 m.kr.
- Afkoma af fjárfestingarstarfsemi 335 m.kr.
- Ávöxtun eignasafns félagsins 1,7%
- Ávöxtun skráðra verðbréfa var slök en jákvæð gengisbreyting óskráðra hlutabréfa nam 242 m.kr. og jákvæð gengisbreyting fasteignafélaga og sjóða 285 m.kr.

Hermann Björnsson, forstjóri:

„Í upphafi árs birti Sjóvá horfur fyrir árið, að samsett hlutfall yrði á bilinu 98 til 100% og að afkoma fyrir skatta yrði 2 til 2,5 milljarðar. Nú þegar samsett hlutfall fyrir fyrstu 6 mánuði ársins nemur 104% er ósennilegt að uppgjefnar horfur náist þó reikna megi með því að hlutfallið haldi áfram að færast nær 100% í lok árs. Skýringa er fyrst og fremst að leita í því að árangur þeirra aðgerða sem gripið hefur verið til skilar sér á lengri tíma ásamt því að tjónatíðnin er enn há. Við þessar kringumstæður hafa fjárfestingartekjur skapað megnið af þeim hagnaði sem verður til. Þróun markaða til áramóta mun ráða miklu um endanlega niðurstöðu“, segir Hermann.

Helstu niðurstöður og lykiltölur

	2F 2016	2F 2015	%	6M 2016	6M 2015	%
Iðgjöld tímabilsins	3.691	3.499	5%	7.275	6.958	5%
Eigin iðgjöld	3.482	3.312	5%	6.885	6.603	4%
Fjárfestingartekjur	578	963	-40%	1.287	2.003	-36%
Þar af fjárfestingartekjur af váttryggingaskuld	202	243	-17%	401	448	-11%
Heildartekjur	4.064	4.273	-5%	8.187	8.614	-5%
Tjón tímabilsins	-2.723	-2.529	8%	-5.415	-5.145	5%
Eigin tjón	-2.684	-2.514	7%	-5.419	-5.134	6%
Rekstrarkostnaður	-922	-873	6%	-1.914	-1.770	8%
Afskrift óefnislegra eigna	0	-116		0	-231	
Heildargjöld	-3.606	-3.503	3%	-7.333	-7.135	3%
Afkoma fyrir skatta	458	770	-40%	854	1.478	-42%
Afkoma eftir skatta	286	756	-62%	709	1.380	-49%
Tjónahlutfall	74%	72%		74%	74%	
Endurtryggingahlutfall	4%	5%		5%	5%	
Kostnaðarhlutfall	24%	24%		25%	24%	
Samsett hlutfall	102%	101%		104%	103%	
Ávöxtun eigin fjár	7%	30%		9%	24%	
Hagnaður á hlut	0,18	0,47		0,46	0,87	

	6M 2016	2015
Verðbréf	34.403	33.785
Viðskiptakröfur	5.827	4.078
Handbært fé	1.211	1.385
Heildareignir	43.413	41.435
Eigið fé	16.197	16.291
Eiginfjárlutfall	37,3%	34,3%
Gjaldþolshlutfall SII	1,93	1,49

Fjárhæðir eru í milljónum króna

Kynningarfundur 26. ágúst kl. 8:30

Sjóvá býður til opins kynningarfundar um afkomu félagsins á öðrum ársfjórðungi 2016 föstudaginn 26. ágúst kl. 8:30 í fundarsal félagsins í Kringlunni 5, 6. hæð. Hermann Björnsson forstjóri mun kynna uppgjorið og svara spurningum. Hægt er að fylgjast með beinni útsendingu frá fundinum á vefslóðinni www.sjova.is/afkomukynningar

Nánari upplýsingar

Allar nánari upplýsingar veitir Þórður Pálsson í síma 440-2000 eða fjarfestar@sjova.is.